

Skólaráðsfundur 29. janúar 2024

Dagskrá

- Skólaþing Grunnskóla Reyðarfjarðar. Guðlaug fór yfir fyrirkomulag og ástæðu þess að skólaþing verður haldið 7. febrúar. Fór hún einnig yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum sl. tveggja ára þar sem glögglega kemur fram að við erum að fá verri niðurstöður úr könnuninni sl. haust en síðustu ár, við erum farin að detta niður fyrir landsmeðaltal í fleiri þáttum en áður, s.s. agi í tímum, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara og ánægja af námi.
- Fjárhagsáætlun 2024. Lækkun á úthlutun í smiðjur, úthlutun fyrir rútur er nokkurn veginn sú sama, örlítil lækkun. Þurfum að velja vel ferðirnar sem við förum.
- Breytingar á starfsemi skólans
 - Húsverðir. Jón að koma inn eftir aðgerð en búið er að ákveða að öllum húsvörðum skólanna í Fjarðabyggð verði sagt upp, Jón hættir að öllum líkindum í sumar. Búið að ráða tvo húsverði inn, einn í fullt starf en hinn er í 70-80% starfi.
 - Bókasöfn Fjarðabyggðar verða flutt yfir til skólanna 1. febrúar en nánari útfærsla liggur ekki fyrir en fundir verða á næstu dögum þar sem nánara skipulag verður kynnt.
- Starfsumhverfi starfsmanna
 - Álag
 - Vegna þjónustu við nemendur með sértækar þarfir, erfitt að leysa forföll
 - Óöryggi í starfi, margt sem kemur upp á í daglegu starfi
 - Oft koma upp erfið agamál sem starfsfólk þarf að takast á við og verður það jafnvel fyrir höggum og spörkum
 - Starfsöryggi stjórnenda, starfshópur í gangi með það að markmiði að hagræða í skipulagi í stjórnun allra skólastiga. Óþægileg staða að vera í en okkur skilst að búast megi við fréttum á næstunni.